



BORGARBYGGÐ



**STEFNA
BORGARBYGGÐAR**

**Í ÍÞRÓTTA- OG
TÓMSTUNDAMÁLUM
2018 -2025**



FORMÁLI

Stýrihópur um endurskoðun á íþrótt- og tómstundastefnu Borgarbyggðar var skipaður í janúar 2018. Hlutverk stýrihópsins var að endurskoða íþrótt- og tómstundastefnu Borgarbyggðar sem unnin var á árunum 2011-2013. Hópurinn hafði náði samráð við aðila sem koma að íþrótt- og tómstundamálum, hélt íbúafing um verkefni hópsins, studdist við nógildandi stefnu Borgarbyggðar í íþrótt- og tómstundamálum og þá samninga sem Borgarbyggð hafði gert við UMSB. Einnig tók hópurinn mið af „Stefnumótun í æskulýðsmálum“ sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014 og skýrslunni „Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga“ frá árinu 2016.

Í stýrihópnum sátu auk sviðsstjóra fjölskyldusviðs:

- Lilja Björg Ágústsdóttir, varaformaður fræðslunefndar
- Sigríður Bjarnadóttir, fulltrúi fræðslunefndar
- Sölvi G. Gylfason, fulltrúi fræðslunefndar
- Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri UMSB
- Sólrún Halla Bjarnadóttir, sambandsstjóri UMSB
- Dagbjört Diljá Haraldsdóttir, fulltrúi Ungmennaráðs Borgarbyggðar

Með stefnu þessari er mótuð framtíðarsýn í íþrótt- og tómstundamálum í Borgarbyggð. Skýr stefna tryggir að allir sem starfa að íþrótt- og tómstundamálum stefni í sömu átt með það að markmiði að efla íþrótt- og tómstundastarf í sveitarfélaginu.

Fjölbreytt val í íþrótt- og tómstundastarfi er mikilvægt hverju samfélagi. Borgarbyggð hefur stutt við uppbyggingu íþrótt- og tómstundaaðstöðu auk aðstöðu til ýmiss konar útivistar í sveitarfélaginu. Þá á sveitarfélagið og rekur þrjú íþróttahús og sundlaugar. Gott samstarf er við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) sem tók virkan þátt í mótun stefnunnar.

Stefna þessi er unnin á grunni tillagna og athugasemda sem komu fram á opnum íbúafundi um íþrótt- og tómstundamál sem stýrihópurinn stóð fyrir vorið 2018 og í samtölum við ýmsa hagsmunaaðila, m.a. nemendur í grunnskólum Borgarbyggðar.

Í stefnu Borgarbyggðar í íþrótt- og tómstundamálum má finna framtíðarsýn sveitarfélagsins. Í henni koma fram helstu markmið og áherslur í málafloknum.

Stefna Borgarbyggðar í íþrótt- og tómstundamálum 2018-2025 var samþykkt í sveitarstjórn 9. maí 2018.

Ég stunda íþróttir
..... ég reyki ekki



EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Forvarnir og almenn heilsuefning	6
Almenningsíþróttir	7
Afreksíþróttir	8
Jaðaríþróttir	9
Tómstundastarf og starf félaga	10
Íþróttastarf barna og unglinga	11
Samstarf við skóla Borgarbyggðar	12
Félagsmiðstöð	13
Þátttaka og áhrif barna og ungmenna	14
Íþróttastarf og tómstundastarf eldri borgara	15
Starfsfólk í íþróttastarf og tómstundastarfi	16
Miðlun upplýsinga og samfélagsmiðlar	17
Íþróttamannvirki í Borgarbyggð	18
Mat og eftirfylgni	19

FORVARNIR OG ALMENN HEILSUEFLING

Borgarbyggð er heilsueflandi samfélag sem hefur að leiðarljósi öflugar forvarnir í sveitarfélaginu með breiðri samvinnu íþrótt- og tómstundafélaga og annarra aðila sem málið snertir. Öflugt forvarnarstarf er mikilvægt til að efla heilbrigði íbúa. Íþrótt- og tómstundastarf er til þess fallið að minnka líkur á félagslegri einangrun og eykur samfélagslega ábyrgð og virkni einstaklinga. Með samstarfi og fræðslu til barna og ungmenna, fjölskyldna og annarra sem starfa með börnum sveitarfélagsins er lagður grundvöllur að heilbrigðum lífnaðarháttum og góðri líðan íbúa.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Fjölbreytt tækifæri til heilsueflingar

Fjölbreytta möguleika á útvist og hreyfingu

Að höfða til allra aldurshópa

Gott aðgengi að íþróttamannvirkjum

Fræðslu um heilsutengd atriði og mikilvægi íþrótt- og tómstundastarfs

Góða samvinnu við aðildarfélög UMSB

Góð samskipti við foreldra

Góða þjónustu við notendur
íþróttamannvirkja

Fagmennsku hjá þjálfurum

Reglulega íþrótt- og tómstundadaga

Góðar fyrirmyndir og jákvætt hugarfar

Að frístundastyrkur sveitarfélagsins
sé vel kynntur og nýttur

Að auka þátttöku í íþrótt- og tómstunda-
starfi og draga úr brottfalli

ALMENNINGS- ÍÞRÓTTIR

Íbúum Borgarbyggðar gefst kostur á að stunda alhliða heilsurækt og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Stefnit er að því að almenningsíþróttir verði eflðar og íbúar taki aukinn þátt í íþróttum og almennri hreyfingu og að sem flestir hafi tækifæri til þess að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, hvort heldur er til ánægju, heilsubótar eða með afreksárangur í huga. Íþróttaiðkun almennings er einn af þeim lykilþáttum sem geta haft áhrif á lífsstíl fólks til heilbrigðara lífennis og mikilvægt er að tryggja gott framboð á fjölbreyttri hreyfingu fyrir alla aldurshópa.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Að auka aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum

Að auka úrval íþróttar, hreyfingar og útivistar

Að gert sé ráð fyrir reiðhjóla- og göngustígum í skipulagsvinnu sveitarfélagsins

Að gert sé ráð fyrir grænum svæðum til útivistar og leikja fyrir börn og fullorðna

Gott samstarf milli aðildarfélaga UMSB

Tengingu milli þéttbýlis og dreifbýlis

AFREKS- ÍÞRÓTTIR

Borgarbyggð styður við árlega kosningu íþróttamanns Borgarfjarðar og heiðrar þar afreksfólk í íþróttum ásamt Ungmennasambandi Borgarfjarðar.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Að styðja við afreksstarf í sem flestum greinum íþróttar

Að styrkja afreksfólk í gegnum afrekssjóð UMSSB

Árlega uppskeruhátíð íþróttafólks þar sem tilkynnt er um íþróttamann Borgarfjarðar

Að ungu afreksfólki verði boðin störf hjá Borgarbyggð og veitt svigrúm til æfinga og keppni

Að ungt afreksfólk taki virkan þátt í hvatningu til barna og unglinga með kynningu á íþróttum sínum

JAFÐAR- ÍÞRÓTTIR

Sköpun er lykilorð í skilgreiningu jaðaríþrotta þar sem frumkvöðlar þróa sjálfir þá íþrótt sem þeir vilja stunda út frá afþreyingu sinni og áhugamálum. Þannig verður til íþrótt sem hver og einn má og getur lagað að eigin áhugasviði, hæfni eða aðstæðum.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Aðstöðu fyrir jaðaríþróttir úti og inni

Námskeið og kynningar á jaðaríþróttum

TÓMSTUNDASTARF OG STARF FÉLAGA

Allir íbúar eiga kost á að stunda uppbyggilegt tómstundastarf sem eflir félagslega færni, samskipti og félagsauð. Skipulagt tómstundastarf bætir andlega og líkamlega líðan fólks og dregur úr áhættuhegðun barna og ungmenna. Þá tilheyra þau hópi sem styrkir sjálfsmynd þeirra. Þau læra samskipti við aðra, að hlusta, tala, bera virðingu fyrir öðrum og vera sjálfstæð.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Fjölbreytt úrval tómstunda

Blómlegt tónlistarnám

Samstarf um listviðburði og sýningarhald

Að umgjörð og innihald tómstundastarfs
taki mið af nútímanum

Fjölbreytt kórastarf fyrir börn og fullorðna

Fjölbreytt opin fræðsluerindi

Að tengja leiklist, myndlist, tónlist og söng
með samstarfi ólíkra aðila

Að tengja tómstundir við störf félaga

ÍÞRÓTTASTARF BARNA OG UNGLINGA

Öll börn og ungmenni eiga að fá tækifæri til að stunda reglubundið skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn þjálfara/leiðbeinenda. Börn og unglingar í Borgarbyggð hafa tækifæri til að stunda íþróttir óháð búsetu og fjölskylduaðstæðum og kynnast fjölbreyttum íþróttagreinum. Frístundastyrkir eru veittir til barna og ungmenna með það að markmiði að hvetja til þátttöku í íþrótt- og tólmstundastarfi.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Fjölbreytt íþróttastarf fyrir börn og ungmenni

Að æfingartími henti börnum og ungmennum

Samstarf milli aðildarfélaganna UMSB

Aðstöðu fyrir börn sem bíða eftir æfingum

Tengingu á milli þéttbýlis og dreifbýlis

Reglulegar íþróttahelgar/íþróttahátíðir

SAMSTARF VIÐ SKÓLA BORGARBYGGÐAR

Mikilvægt er að íþróttir og tómstundir fléttist inn í hefðbundið skólastarf hjá börnum. Með því er átt við að vinnudagur barnsins sé samfelldur frá morgni og fram á síðdegið. Þessi heildstæða nálgun er talin hafa jákvæð áhrif á alhliða þroska barnsins. Rýna þarf með skipulögðum hætti í ýmsa þætti sem hægt er að samþætta milli skóla, íþróttá- og tómstundastarfs.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Samstarf tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla

Starfsemi íþróttá- og tómstundaskóla fyrir 1. – 4. bekk

Skapandi greinar í íþróttá- og tómstundaskóla fyrir 1. – 4. bekk

Að auka skipulagt íþróttá- og tómstundastarf í vali í grunnskólum í samstarfi við UMSB

Reglulegar kynningar fyrir nemendur í skólum á aðildarfélögum UMSB

FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Í félagsmiðstöðinni Óðali er boðið upp á uppbyggilegt félagsstarf fyrir börn og unglinga í frítímanum. Áhersla er lögð á að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Unnið er í klúbbum, sértæku hópastarfi, opnu starfi og tímabundnum verkefnum. Félagsmiðstöðvarstarfið byggir á hugmyndafræði unglingalýðræðis sem á að tryggja áhrif unglinganna á starfið. Í Óðali starfar húsráð sem mótar viðfangsefni og eru meðlimir þess talsmenn ungl-inganna. Forvarnir meðal unglinga eru mikilvægur þáttur í starfinu og lögð er áhersla á að styrkja jákvæða sjálfsmynd barna og unglinga og stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Stutt er við félagsstarf unglinga í grunnskólum Borgarbyggðar.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Að starfsemin höfði til barna og unglinga í dreifbýli og þéttbýli

Að halda úti klúbbastarfi

Reglulega viðburði og opin hús

Unglingaböll og skemmtanir

Akstur fyrir ungmenni í dreifbýli eftir skemmtanir og viðburði

Kynningu á starfinu fyrir börn, unglinga og foreldra þeirra

Góða tengingu við nærsamfélagið

ÞÁTTTAKA OG ÁHRIF BARNA OG UNGMENNA

Vinna skal að aukinni þátttöku barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi. Í öllu starfi á velferð þeirra að vera höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku. Þátttaka barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi ætti að auka félagsfærni og þjálfun þeirra til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Mikilvægt er að íþrótt- og tómstundastarf sé byggt á forsendum barna og ungmenna og að þau hafi bein áhrif á íþrótt- og tómstundastarf og fái að axla raunverulega ábyrgð á skipulagi þess.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Samráð við börn og ungmenni

Regluleg barna- og unglingsþing

Að hlusta á raddir barna og unglinga við skipulag íþrótt- og tómstundastarfs

Að kanna reglulega þátttöku barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BORGARA

Virk félagsleg þátttaka er öllum mikilvæg og hefur jákvæð áhrif á líðan og velferð fólks. Íprótta- og tómstundastarf eldri borgara gegnir þar veigamiklu hlutverki með það að markmiði að viðhalda og bæta heilbrigði og auka lífsgæði þeirra. Með fjölbreyttu félags- og ípróttastarfi er ólíkum þörfum einstaklinga mætt og hvatt er til virkni.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Leikfimi og gott aðgengi
að tækjasal ípróttamannvirkja

Útiveru og hreyfingu

Að tengja betur saman hverfi
með göngustígum

Gönguklúbba

Jóga

Greiðar gönguleiðir með bekkjum

Að skólarnir hafi frumkvæði að því að
fá eldri borgara til að miðla þekkingu

Að nemendur Tónlistarskólans haldi
reglulega kynningar fyrir eldri borgara

Að eldri borgarar aðstoði við hannyrða-
kennslu í leikskólum og grunnskólum

Stuðning sveitarfélagsins við starf
félaga eldri borgara

STARFSFÓLK Í ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARFI

Fagmennska, menntun og þjálfun starfsfólks er höfð að leiðarljósi í öllu íþróttta- og tómstundastarfi. Starfsfólk er jákvætt í samskiptum og kemur fram við íbúa af virðingu og umhyggju. Starfsfólk kemur vel til móts við þarfir einstakra íbúa og margbreytileikinn fær að njóta sín. Samskipti starfsfólks við íbúa einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnamiðun. Starfsfólk skilur hlutverk sitt sem fyrirmyndir og í hverju það felst.

LÖGD ER ÁHERSLA Á:

Gæði og metnað leiðbeinenda og þjálfara

Skýr markmið og gott skipulag æfinga

Að virkja íbúa til þátttöku sem leiðbeinendur

Að þjálfarar nýtist þvert á aðildarfélög UMSB

Að þjálfarar fari á milli íþróttamannvirkja

Góð samskipti milli íbúa og þjálfara

MIÐLUN UPPLÝSINGA OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Virk félagsleg þátttaka er öllum mikilvæg og hefur jákvæð áhrif á líðan og Upplýsinga- og samskiptatækni er nýtt til að miðla upplýsingum um íþróttir og tómstundir í sveitarfélaginu.

LÖGD ER ÁHERSLA Á:

Miðlæga gagnaveitu fyrir íþrótt- og tómstundastarf

Upplýsingagjöf á fleiri tungumálum en íslensku

Aðgengilega tímatöflu íþróttamannvirkja

Að tengja nýbúa við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf

Aðgengilegar upplýsingar um opnunartíma íþróttamannvirkja

Að nýta nýjustu tækni og samskiptamiðla til að auka upplýsingastreymi og stuðla að aukinni þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI Í BORGARBYGGÐ

Mikilvægt er að nýta sem best þau íþróttamannvirki sem til eru í Borgarbyggð og að þar séu þau áhöld og tæki sem þörf er á.

LÖGÐ ER ÁHERSLA Á:

Halda mannvirkjum vel við

Bæta fjölnota aðstöðu til íþróttaiðkunar

Koma upp Skólahreystibraut

Nýta aðstöðu í dreifbýli betur

Bæta aðstöðu fyrir jaðaríþróttir

Huga að byggingu fjölnota íþróttahúss

Skipuleggja nýjar greinar í íþróttamannvirkjum í uppsveitum

Leggja göngu-/hlaupa- og hjólabrautir í

Borgarbyggð

Öll félög og íþróttir hafi aðstöðu

Bæta aðstöðu fyrir íþróttæfingar yfir vetrartímenn

MAT OG EFTIRFYLGNI

Til að fylgja stefnunni eftir verður unnin árleg aðgerðaráætlun ásamt kostnaðaráætlun í fræðslunefnd þar sem skilgreindir ábyrgðaraðilar verða að einstökum verkefnum. Einnig munu aðildarfélög og stjórn UMSB vinna árlega tillögu að uppbyggingu íþróttastarfs í Borgarbyggð.

Í öllu íþrótt- og tómstundastarfi í sveitarfélaginu verður leitast við að jafna tækifæri íbúanna, bæta upplýsingamiðlun, stuðla að almennri heilsuefningu, efla forvarnir og góð samskipti.

Dátttaka íbúa í íþróttum og tómstundum verður mæld reglulega og áætlun gerð í kjölfarið um að mæta óskum þeirra um fjölbreytt starf.

